7. mál 2021-2022
Flutt af biskupi Íslands

**Þingsályktun um breytingu á Viðbragðaáætlun þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir eftirfarandi breytingar á viðbragðaáætlun kirkjunnar:
1. Í II. kafla um hlutverk hópslysanefndar kirkjunnar, bls. 6 breytist liður c) í d) og nýr liður c) verður til:
**c) Almannavarnarástand án stórslysa eða náttúruhamfara, s.s. heimsfaraldur**
- hópslysanefnd kemur saman eða heldur símafund sem fyrst, eftir að almannavarnarástandi hefur verið lýst yfir
- hópslysanefnd er í viðbragðsstöðu vegna mögulegrar beiðni um aðstoð
- hópslysanefnd útfærir viðbragð í samráði við hlutaðeigandi yfirvöld
- hópslysanefnd er til taks um ráðgjöf og stuðning við biskup Íslands um viðbrögð kirkjunnar í því ástandi sem er.
2. Í III. kafla um hlutverk prófasts bls. 7 breytist liður c) í d), d) liður verður e) og nýr liður c) verður til:
**c) Almannavarnarástand án stórslysa eða náttúruhamfara, s.s. heimsfaraldur**
- prófastur fær boð um að almannavarnarástandi hafi verið lýst yfir
- prófastur virkjar viðbragðaáætlun eftir því sem við á.

*Samþykkt í einni umræðu á kirkjuþingi 22. nóvember 2021*